

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð á Völlum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að legu Ásbrautar er breytt og reitir sunnan og austan hennar stækka lítillega á kostnað miðsvæðis og stofnanareits S46 vestan við hana. Íbúðarsvæði austan Ásbrautar stækkar á kostnað miðsvæðis auk þess sem gert er ráð fyrir tveimur nýjum stofnana-svæðum fyrir sundlaug og kirkju, S51 og S52, þar sem áður var gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota og miðsvæði. Einnig er megingöngustígum lítillega breytt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.